

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
14. fundur – 31. maí 1999

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 31. maí kl. 17:15 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins, 3. hæð, Garðatorgi 7.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra. Sigrún Ingólfssdóttir kom við afgreiðslu liðar nr. 4..

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 13. fundar heilbrigðisnefndar.

2. Fundargerð 4. starfsmannafundar 12. maí s.l.

3. Aðsend bréf.

3.1 Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs

Lagt fram bréf þar sem auglýst er eftir tillögum fyrir 28. maí n.k. að fyrirtæki, einstaklingi eða hópi mann í einkageiranum eða hjá hinu opinbera sem hefur látið sérstaklega að sér kveða á sviði náttúru- og umhverfisverndar.

Starfsmenn koma hugmyndum á framfæri við framkvæmdastjóra.

3.2 Álverið í Straumsvík - Ísal

Lögð fram gögn frá Ísal um mengunarmælingar í janúar, febrúar og mars þessa árs. Gildin reyndust öll undir mörkum.

Samráðsfundur með fulltrúum Hollustuverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Ísal verður 18. maí n.k. kl. 9:30.

4. Fundargerð 5. starfsmannafundar 26. maí s.l.

5. Fundir og ráðstefnur.

5.1 Bráðmengunarnefnd.

Þann 18. maí s. l. boðaði bráðmengunarnefnd Umhverfisráðuneytisins til fundar um mengunarvarnir á sjó og skýrslu nefndarinnar. Páll Stefánsson sótti fundinn.

5.2 Förgun mengaðs jarðvegs.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík frá 19. maí s. l. þar sem boðað er til fundar þann 2. júní n. k. um hugsanlega sameiginlega heildarlausn fyrir SV-land á förgun mengaðs jarðvegs og annarra umfangsmikilla spilliefna.

Málið var áður til umræðu á fundi heilbrigðisnefndar. Páll Stefánsson mun sækja fundinn

5.3 Vorfundur HVR og HES, 20.-21. maí 1999

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málum sem til umræðu komu á fundi HVR og HES á Ísafirði 20.-21. maí s.l.

6. Lög um opinbera eftirlitsstarfsemi.

Lagt fram bréf Umhverfisráðuneytis dags. 6. maí 1999 þar sem athygli er vakin á lögum um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 og óskað er eftir tillögum heilbrigðisnefndar varðandi gildandi lagaákvæði og reglna um opinbert eftirlit fyrir 1. ágúst n.k.

7. Starfsreglur vegna mengunarvarna.

Lagðar fram tillögur að starfsreglum vegna sandblásturs og fyrir trésmíðaverkstæði sem senda á til umsagnar til Hollustuverndar ríkisins. Eingöngu er verið að samræma reglur í umdæminu. Starfsreglurnar samþykktar að fenginni jákvæðri samþykkt Hollustuverndar ríkisins.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits upplýsti að kvartanir hafi borist að undanfögnu vegna nokkurra fyrirtækja sem vinna við sandblástur.

Eftirfarnadi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd leggur fyrir fyrirtæki, sem ekki hafa komið fyrir súbúnaði til að fanga ryk á fullnægjandi hátt sbr. starfsreglur, að draga úr starfsemi sinni þar til viðunandi búnaði hefur verið komið fyrir geti þau ekki á annan hátt tryggt að nágrannar verði ekki fyrir óþægindum. Jafnframt er óskað eftir tímasettri framkvæmdaáætlun um úrbætu fyrir 15. júní n.k.

8. Starfsleyfi.

8.1 Hamraborg 11, Kópavogi - lyfjabúð.

Lögð fram umsókn Einars B. Haraldssonar f.h. Lyfju, kt. 531095 2279, dags. 18. maí 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lyfjabúðar að Hamraborg 11. Kópavogi.

Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt.

8.2 Smiðjuvegur 4a; Kópavogi - kjötvinnsla.

Lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Guðlaugssonar, f.h. Kjötvinnslunnar ehf., kt. 681194-2669, dags. 14. desember 1998, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu með reykingu að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi.

Endurnýjun.

Svohljóðandi bókun var gerð:

Þar sem hvorki hafa verið lagðar fram teikningar né framkvæmdaáætlun um fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu eins og heilbrigðiseftirlitið hefur ítrekað farið fram á, sbr. eftirlitsskýrslur 14. des. s.l., 10. og 21. maí s.l. auk þess sem umgengni hefur tíðum verið ábótavant hafnar heilbrigðisnefnd umsókn um starfsleyfi.

9. Umsagnir.

9.1 Strandgata 21, Hafnarfirði, farfuglaheimili.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði frá 22. mars 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jónasar Þórs Ragnarssonar sem sækir um leyfi til reksturs farfuglaheimilis að Strandgötu 21, Hafnarfirði, í framhaldi af eigendaskiptum.

Mælt er með jákvæðri umsögn.

9.2 Mjósund 2, Hafnarfirði, kaffihús.

Lagt fram bréf stjórnsýslu- og fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 18. maí 1999, þar sem óskað er umsagnar um nýtt leyfi til áfengisveitinga fyrir Nönnukot, Mjósundi 2, Hafnarfirði.

Svohljóðandi bókun var gerð:

Vegna þröngs húsnæðis og takamarkaðrar hreinlætisaðstöðu er starfsleyfi takmarkað við minniháttar baksturs og framleiðslu matvöru til neyslu á staðnum. Aðstæður gefa ekki tilefni til annarra athugasemda.

9.3 Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði, veitingahús.

Lagt fram bréf stjórnsýslu- og fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 18. maí 1999, þar sem óskað er umsagnar um endurnýjun á leyfi til áfengisveitinga fyrir veitingastaðinn Kænuna, Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði.

Umsögn frestað.

9.4 Vífilsstaðir golfskáli, veitingasala.

Lagt fram bréf bæjarritara Garðabæjar dags. 6. maí 1999, þar sem óskað er umsagnar um leyfi til áfengisveitinga fyrir veitingasölu Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.

Umsögn jákvæð.

10. Starf skrifstofumanns.

Lagðar fram umsóknir og starfslýsing fyrir starf skrifstofumanns.

Formanni, framkvæmdastjóra og skirfstofustjóra falið að ganga frá ráðningu í samræmi við umræður á fundinum.

11. Stofnfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða.

Ákveðið að Sigurlaug Sigurðardóttir verði fulltrúi heilbrigðisnefndar á stofnfundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sem haldinn verður í Dillonshúsi, Árbæjarsafni, 11. júní n.k. kl. 17:00.

12. Drög að reglugerðum varðandi endurskoðun á mengunarvarnareglugerð.

12.1 Drög að 9 reglugerðum.

Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytis dags. 25. maí 1999, þar sem óskað er eftir umsögnum fyrir 1. júlí n. k., um drög að 9 reglugerðum sem eru hluti af endurskoðun á mengunarvarnareglugerð. Starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins falið að veita umsögn.

12.2 Drög að reglugerð um hávaða.

Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytis dags. 25. maí 1999, þar sem óskað er eftir umsögn fyrir 22. júní n. k. um drög að reglugerð um hávaða. Drögin eru hluti af endurskoðun á mengunarvarnareglugerð. Starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins falið að veita umsögn.

13. Önnur mál

13.1 Kjarasamningar við Launanevnd sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar svarbréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. maí s.l. varðandi kjarasamninga Launanevnd sveitarfélaga við Dýralæknafélag Íslands.

13.2 Ráðningarsamningar

Lagðir voru fram ráðningarsamningar við Pál Stefánsson, Sigurborgu Daðadóttur, og Þorstein Þorvarðarson. Nefndin samþykkti ráðningarsamningana. Sigurborg Daðadóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

13.3 Skoðunarferð heilbrigðisnefndar

Tekin var upp umræða frá síðasta fundi varðandi skoðunarferð heilbrigðisnefndar um svæðið til að kynna nefndinni ástand lóða á starfssvæði nefndarinnar. Starfsmönnum falið að undirbúa slíka ferð seinna í sumar.

13.4 Þóknun til nefndarmanna

Tekin var upp umræða frá síðasta fundi varðandi þóknun til nefndarmanna og mikilvægi þess að samræming sé í þóknunum til nefndarmanna. Formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að vinna að stefnumörkun.

13.5 Loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti

Lögð fram til kynningar skýrsla HVR um loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti 1997-1998.

13.6 Staðardagskrá 21

Sigrún Ingólfssdóttir óskaði eftir að staða mála í aðildarsveitarfélögum yrði kynnt nefndinn varðandi Staðardagskrá 21.

Ákveðið að starfsmenn kynntu stöðuna á næsta fundi.

13.7 Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðinn 26. júlí n.k. kl. 17:15.

13.8 Heitloftspurrkun fiskafurða.

Lagt fram erindi Lúðvíks B. Bárðarsonar f. h. Þórvers ehf, dags. 28. maí 1999, sem barst heilbrigðiseftirlitinu í dag 31. maí 1999, þar sem farið er fram á að heilbrigðisnefnd endurskoði fyrri samþykkt um stöðvun á fiskþurrkun í þrjá mánuði yfir sumarið.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á úrbætur með bættum mengunarvörnum til að tryggja nágranna gegn óþægindum getur heilbrigðisnefnd ekki breytt afstöðu sinn til málsins.

Starfsmenn véku af fundi.

13.9 Kærunefnd jafnréttismála

Formaður kynnti drög að svari til Kærunefndar jafnréttismála. Samþykkt með lútilsháttar breytingum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50.

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson